

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 64. fundur haldinn 8. september 2008 á Húsavík.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Einnig sat Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs fundinn.

Flogið var frá Reykjavík kl. 8:15 til Akureyrar. Eftir að hafa fengið kaffi hjá Kirkjugörðum Akureyrar var haldið að Saurbæ í Eyjafirði, þar sem kirkjugarðurinn var skoðaður, og síðan að Hólum í Eyjafirði.

Rætt var um að setja þyrfti nýjan vegg kringum kirkjugarðinn í Saurbæ og að fjarlægja þyrfti steinsteypu kringum leiði í garðinum.

Í kirkjugarðinum í Hólum í Eyjafirði, austan við kirkju, er mikil órækt, einkum fíflar. Rætt var um nauðsyn þess að snyrta kirkjugarðinn og drepa niður fíflana. Guðmundur Rafn nefndi að áhugi væri á að slétta garðinn meira en gert hefur verið. Kristín Huld lagðist gegn því að garðurinn yrði sléttður.

Haldið var til Húsavíkur og snæddur hádegisverður þar. Því næst var haldinn fundur með hluta sóknarnefndar Húsavíkurkirkju: Helgu Kristinsdóttur og Ingibjörgu Árnadóttur, Óskari Jóhannssyni umsjónarmanni kirkjugarðanna, Hilmari Dúa garðyrkjumanni og presti safnaðarins, sr. Sighvati Karlssyni.

Sóknarnefndin óskar eftir að setja minnimerki í gamla garðinn, við nýja klukknaportið, þar sem m.a. yrði mynd af prestssetrinu gamla. Kirkjugarðaráð óskaði eftir erindi frá sóknarnefndinni um málið.

Í safnaðarheimilinu er varðveittur legsteinn úr gamla kirkjugarðinum og óskar sóknarnefndin eftir að láta laga hann og hafa hann til sýnis. Var rætt um hvort hægt væri að festa hann upp úti á vegg safnaðarheimilisins og setja þar jafnframt upp skýringartexta. Fornleifavernd ríkisins óskaði eftir formlegu erindi frá sóknarnefndinni varðandi málið.

Sóknarnefnd gerði grein fyrir fjárhagsstöðu kirkjugarðsins, sem hefur verið erfið undanfarin ár vegna skuldastöðu garðsins. Var nefndinni bent á að hún gæti sótt um styrk til Kirkjugarðajóðs til greiða niður skuldina.

Kynnt var Garmin-leiðsögukerfi og ósk verkfræðistofunnar Hnits um að fá gefin upp hnit af kirkjugörðunum.

Var ákveðið að ekki væri ástæða til að afhenda hnitin nema að fá aðgang að kerfinu Kirkjugarðaráði að kostnaðarlausu.

Að loknum fundi á Húsavík var haldið að Fagranesi þar sem Guðmundur Sigurðsson og sr. Þorgrímur G. Daníelsson tóku á móti Kirkjugarðaráði.

Þaðan var haldið að Grenjaðarstað þar sem kirkjugarðarnir voru skoðaðir. Á Grenjaðarstað hefur gamalli hlöðu verið breytt í safnaðarheimili og var það jafnframt skoðað. Var það álit Kirkjugarðaráðs að vel hefði tekist til við umbreytingu hússins.

Þá var haldið til Akureyrar og flogið til Reykjavíkur um kl. 19.00.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari